

Breytingin er á reit 1.193, sem markast af Snorrabraut, Egilsgötu, Barónsstíg og Bergþórugötu og er fólgin í því að almennt útvistar- og stofnanasvæði verður stofnanasvæði, athafnasvæði verður íbúðar- og athafnasvæði og verslunar- og þjónustusvæði verður íbúðar- og athafnasvæði.

Borgarsjóður Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 25. maí 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 304, 14. ágúst 1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. er ekki skylt til 1. júní 1994 að nýta um borð í skipum, er ekki teljast til eldri fullvinnsluskipa, sbr. 10. gr., eftirfarandi fiskúrgang: Innyfli að hrognum undanskildum, roð og úrgang, sem fellur til við vinnslu á karfa og grálúðu.

2. gr.

Viðauki þessi er settur samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að

dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12 470,00 kr/á ári
Orkugjald	2,63 kr/kWst
Rúmmetragjald	23,41 kr/m ³

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla IV um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt í gjaldskrá orkubúsins fyrir raforku.

Orka og vatnsmagn H499.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12 470,00 kr/á ári
Orkugjald	2,63 kr/kWst
Rúmmetragjald	23,41 kr/m ³

Vatnsmagn I480.

Orkubúinu er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Fastagjald	12 470,00 kr/á ári
Rúmmetragjald	122,00 kr/m ³

Orka H498.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti af viðurkenndri gerð til þeirra er nota meira en 400.000 kWst/á ári.

Fastagjald	12 470,00 kr/á ári
Orkugjald	1,70 kr/kWst
Rúmmetragjald	15,24 kr/m ³

Hemill I489.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla. Orkubúið stillir hemil að ósk notanda og gildir hæsta stilling í eitt ár frá 1. september til 31. ágúst.

Fastagjald	22 849,00 kr/á ári
Mínútlítragjald	2 416,00 kr/mán

4. gr.

Gjaldtagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjaldtagi.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimaugargjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimaugargjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 806,00.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 613,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 508, 23. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1993.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.